

BHM-6 Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits (796 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga og Dýralæknafélag Íslands

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og umhverfiseftirlits eða skyldum greinum auk sérnáms og yfirgripsmikilli þekkingu á opinberri stjórnsýslu. Starfið felur í sér yfirumsjón með framkvæmd og starfssemi heilbrigðiseftirlits, ábyrgð á fjármunum og mannaforráð. Starfsmaður hefur mikið svigrúm og umboð til ákvörðunartöku og heyrir beint undir heilbrigðinefnd sveitarfélags. Starfsmaður ber meginábyrgð á stefnumótun heilbrigðiseftirlitsins.

BHM-7 Forstöðumaður (739 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun í náttúruvísindum. Starfið gerir kröfu um viðtæka rekstrar og stjórnunarreynslu af starfssemi safna. Starfið felur í sér yfirábyrgð á safni, yfirgripsmikla ábyrgð á safngripum og forvörslu menningarverðmæta ásamt ábyrgð á fjármunum og mannauðsstjórnun. Starfsmaður heyrir undir stjórn safnsins en hefur mikið umboð til ákvörðunartöku og ber ábyrgð á stefnumótun varðandi safnið og þau menningarverðmæti sem tilheyra safninu.

BHM-12 Deildarstjóri 1 – skipulags- og/eða byggingarfulltrúi (762 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga og Fræðagarður

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun auk umfangsmikillar stjórnunarreynslu eða framhaldsmenntunar á háskólastigi og að starfsmaður uppfylli lagaskilyrði sem skipulags- og/eða byggingarfulltrúi. Starfið felur í sér yfirumsjón með deild/málaflökki og felur það í sér ábyrgð á fjármunum, mannaforráð og eftirlit með því að lögum og reglugerðum um skipulags- og byggingareftirlit sé framfylgt. Starfið felur í sér ábyrgð á mjög verðmætum byggingum, landareignum og svæðum, ásamt ábyrgð á stefnumótun í málaflökki skipulags- og byggingarmála.

BHM-13 Deildarstjóri 1 – umhverfisstjóri (775 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólapróf auk umfangsmikillar stjórnunarreynslu eða framhaldsmenntunar á háskólastigi. Starfið felur í sér yfirumsjón með deild/málaflökki og felur það í sér mannaforráð, ábyrgð á fjármunum, umhverfismálum og fjölbreyttum og mjög verðmætum svæðum. Ábyrgðin nær m.a. til nýtingar og mótunar útivistarsvæða. Starfið felur einnig í sér ábyrgð á stefnumótun í málaflökki umhverfismála.

BHM-36 Arkitekt/skipulagsfræðingur (622 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga og Fræðagarður

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi starfsréttindi sem arkitekt, skipulagsfræðingur eða hafi aðra menntun sem nýtist í starfi. Starfið felur í sér ábyrgð á verkefnum sem tengjast skipulagsmálum og meðferð þeirra í stjórnsýslu sveitarfélags. Einnig fylgir starfinu mjög mikil ábyrgð á byggingum, landareignum og svæðum sveitarfélagsins. Starfsmaður ber beina ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með framfylgni laga og reglugerða sem fjalla um heilsu, öryggi eða velferð almennings og ber ábyrgð á stefnumótun varðandi mannvirki og landsvæði sveitarfélagsins.

BHM-38 Umsjónarnáttúrufræðingur (671 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda eða sambærilega menntun auk sérnáms eða verulegrar starfs og stjórnunarreynslu. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, og vinnu við verkefni sem tengjast t.d. mengunarvörnum, umhverfissvöktun og umhverfismálum. Starfsmaður hefur eftirlit með að farið sé eftir lögum og reglugerðum t.d. reglugerðum um atvinnurekstur og/eða um meðhöndlun úrgangs og spilliefna o.s.frv. og ber ábyrgð á tækjum og búnaði til mælinga og rannsókna. Starfsmaður hefur aðkomu að stefnumótun í þessum málaflökki.

BHM-40 Verkefnastjóri 3 – mannauðsmál og/eða fræðslumál (601 stig)

Iðjuþjálfafélag Íslands, Fræðagarður og Félag íslenskra náttúrufræðinga

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun auk umfangsmikillar reynslu af almannatengslum og/eða fréttá- og blaðamennsku. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, umsjón með verkefnum sem tengjast upplýsingamiðlun innan stjórnkerfis sveitarfélags sem og út á við til almennings. Starfið gerir kröfur um sérstaka færni starfsmanns í upplýsingagjöf, námskeiðahaldi auk færni í að koma fram opinberlega fyrir hönd sveitarfélags. Starfið felur í sér verulega ábyrgð á upplýsingum og/eða upplýsingakerfum sveitarfélags og gerir kröfu um mjög sjálfstæð vinnubrögð og mikið frumkvæði. Starfsmaður ber skilgreinda ábyrgð á stefnumótun varðandi upplýsingatækni og upplýsingagjöf sveitarfélags.

BHM-44 Verkefnastjóri með sértæka ábyrgð – fornleifar (588 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun sem nýtist í starfi. Starfið felur í sér verkefni sem tengjast utanumhaldi verkefna tengdum skráningu, kennslu og/eða rannsóknum. Gerðar eru kröfum um mikla nákvæmni við meðhöndlun viðkvæmra muna Starfsmaður ber ábyrgð á verkfærum og tækjum sem notuð eru í starfi og hefur aðkomu að stefnumótun.

BHM-45 Yfirnáttúrufræðingur – heilbrigðisfulltrúi (624 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, verkfræði eða sambærilega menntun auk réttinda til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi. Starfið felur í sér töluverða nákvæmnisvinnu við sýnatöku og greiningar þeirra. Starfsmaður vinnur verkefni sem tengjast heilbrigðiseftirliti, sér um innleiðingu og hefur eftirlit með framfylgni laga og reglugerða sem varða heilsu, öryggi og velferð almennings. Það er á ábyrgðarsviði starfsmanns að vinna að stefnumótun heilbrigðiseftirlits sem snýr að velferð almennings.

BHM-46 Yfirnáttúrufræðingur (598 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólapróf í náttúruvísindum og reynslu af rannsóknarvinnu. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, og faglega ábyrgð á verkefnum sem tengjast rannsóknum og úrvinnslu þeirra. Starfsmaður sinnir reglubundnu eftirliti og fer reglulega í vettvangsferðir. Starfið felur í sér aðkomu að stefnumótun er varðar rannsóknir, búnað, verkfæri og tæki.

BHM-57 Náttúrufræðingur á safni með umsjón með listmunum / fornmunum (575 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga og Fræðagarður

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun í líffræði eða aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi ásamt góðri færni til að tjá sig í ræðu og riti á fleiri en einu tungumáli. Starfið felur í sér töluverða nákvæmni við sýnatöku, greiningu og meðhöndlun listmuna/fornmuna. Starfið felur í sér miðlun upplýsinga og fræðslu til safngesta. Starfsmaður ber ábyrgð á safnkosti og kemur að stefnumótun hvað varðar þróun og framsetningu safnamuna.

BHM-72 Verkefnastjóri – tækni (578 stig)

Félag íslenskra náttúrufræðinga og Fræðagarður

Starfið gerir kröfu um að starfsmaður hafi háskólamenntun sem nýtist í starfi og tæknikunnátta er nauðsynleg. Starfið felur í sér ráðgjöf, greiningu upplýsinga t.d. vegna stórra útboða, innkaupa og innleiðingu á tækninýjungum og bilanagreininga. Starfsmaður ber ábyrgð á búnaði og tæknimálum. Starfið felur jafnframt í sér þátttöku í stefnumótun er varðar upplýsingatæknimál.

BHM-94 Verkefnastjóri 3 – Tækni (676 stig)

Fræðagarður og Félag íslenskra náttúrufræðinga

Gerð er krafa um háskólamenntun í verk- tækni eða byggingarfræði. Starfsmaður hefur yfirumsjón með verkefnum sem hann verkstýrir. Starfinu fylgir einhver ábyrgð á fjármunum, viðvarandi verkefnastjórnun og mikil ábyrgð á eignum og upplýsingum. Starfsmaður þarf í starfi sínu að framfylgja og/eða innleiða lög eða reglugerðir sem hafa bein áhrif á heilsu, öryggi eða velferð fólks. Starfið felur aðkomu að stefnumótun í málafllokki sem starfsmaður er í forsvari fyrir.